

# Námskrá fyrir VÖLU Handverksskóla

LEIKFÖNG, BÚSÁHÖLD/HÚSMUNI OG HÖNNUN

Fyrir Textilhandverk og Tréhandverk

Námsstig	Eftir framhaldsskóla
Lengd námsins	3 ár
Kennslu tungumál	Íslenska, Sænska, Enska og eftir þörfum Danska, Norska, Finnsla
Gildir frá og með :	HÖ 2016

## 1. Staðfesting á Námskrá,

Námskráin öðlast gildi með staðfestingu Stýrihópsins og stjórn skólans.

## 2. Inntöku kröfur.

VALA Handverksskóli er alla jafna fyrir ungmenni og fullorðna sem geta átt rétt á aðstoð samkvæmt lögum um stuðning og þjónustu við fatlað fólk og vinnur á vernduðum vinnustöðum eða hefur lokið námi frá framhaldsskóla. Tilvonandi nemendur verða að geta búið nokkuð sjálfstætt, hafa vilja til að vinna með starfshæfni sína og efla þekkingu sína, forvitni til að mæta annari menningu og öðlast færni til að stunda nám sem gerir kröfur um að hugur hjarta og hönd vinni saman.

## 3. Umfang námsins.

Námið er 30 – 33 vikur á ári og 90 – 100 vikur yfir þrjú ár og er þá með talið starfsnám og lokaverkefni.

## 4. Markmið námsins

Markmið námsins er að þróa formlega og eiginlega færni nemenda til að vinna með handverk á faglegum grunni á sínum vinnustað eða í sjálfstæðri starfsemi, þar sem hægt verði að þróa áfram, framleiðslu leikfanga og búsáhalda úr tré eða textíl.

Meginmarkmiðið er að nemendur tileinki sér og þrói þá kunnáttu, leikni og greiningargetu sem þarf til að vinna sjálfstætt og gagnrýnið við handverk og geti hugsanlega fengið störf annars staðar. Að námi loknu á nemandinn að geta tjáð sig í formi, litum og listrænum aðferðum.

## 5. Tilgangur námsins.

Tilgangur námsins er að nemendur öðlist þá kunnáttu og færni sem þarf til að vinna við gerð leikfanga, búsáhalda og textílmuna úr mismunandi efni, hönnun, framleiðslu, listrænan búning og kynningu. Höfuðáhersla námsins er verkleg vinna með tré og textíl, og skyld efni, til að efla kunnáttu og leikni hvers og eins. Nemendur eiga að öðlast færni í að skilja, formgera og meta á gagnrýnan hátt, muni, fyrirbæri og vinnuferli á sviði handverks sem og sögulegan og hefðbundinn norrænan bakgrunn þeirra.

## 6. VALA Handverksskóli ber ábyrgð á því að hver nemandi, sem hefur lokið námi í samræmi við einstaklingsmiðaða námskrá, geti beitt kunnáttu sinni til að:

- vinna við handverk í tré eða textíl
- setja fram, greina og sannreyna tilgátur og leysa vandamál
- íhuga eigin reynslu og námsaðferðir
- gagnrýna og meta fullyrðingar og aðstæður
- leysa praktísk vandamál og verkefni
- nýta sér menningarframboð til þekkingarauka og ánægju
- öðlast tilfinningu fyrir fagurfræðilegum gildum
- öðlast þekkingu á norræna menningararfinum
- þekkja til mannréttinda
- hafa þekkingu á samfélaginu, atvinnulífinu, vinnumarkaðnum, atvinnurétti og vinnuumhverfi
- geta tekið þátt í lýðræðislegri ákvarðanatöku
- geta metið á gagnrýninn hátt það sem hann/hún sér, heyrir eða lesið
- getið tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi
- geta gaumgæft og greint samspil mannsins og náttúrunnar, umhverfisins, umheimsins og sjálfbærrar þróunar
- geta notað netið og bókasöfn til að sækja sér þekkingu, til samskipta, sköpunar eða náms
- að kunna að meta gildi þess að vera glaður og jákvæður gagnvart fólki og náttúru.

## 7. Hvernig námið nýtist einstaklingnum

Áhersla er lögð á starfsnám þar sem nemandinn þróar leikni sína og getu til að íhuga framleiðslu og vinnuferli handverksins. Nemandinn lærir að greina og meta mismunandi hlutverk hluta og að meta handverksskunnáttuna á gagnrýnin hátt.

Námið einkennist af eigin tilraunastarfsemi með efni, form og liti en með athugunum á menningu út frá sögulegu og landfræðilegu sjónarhorni leggur það grunn að nýsköpun og persónulegum stíl.

Nemandinn kynnir verk sín bæði munnlega og myndrænt. Á meðan náminu stendur þróar

nemandinn með sér kunnáttu, leikni og færni í að vinna form og liti, framleiðslu úr tré, textíl eða öðru efni og eykur kunnáttu sína á handverki, menningarsögu, rekstri og markaðssetningu. Þetta, ásamt greiningu á ýmsu handverks ferli, hlutverki og birtingarformi, gerir nemandanum kleift að ná starfsframa á sviði skapandi handverks. Námið undirbýr nemandann undir bæði skapandi handverks framleiðslu í eigin rekstri, hjá vernduðum vinnustað og skapandi störf innan á vernduðum vinnustað.

## 8. Tvær deildir, Textilhandverk og Tréhandverk

Hver önn samanstendur af 4-5 námskeiðum. Hvert námskeið stendur í þrjár vikur og eftir það er ein vika sem notuð er til að meta námskeiðið og greina frá því í máli og myndum í persónulegri Námsbók. Bóklegar greinar svo sem menningarsaga, rekstur og markaðssetning eiga sinn stað í þessari viku. Þar sem hver nemandi er með persónulega námsbók er mikilvægt að hann sé nákvæmur í lýsingu sinni á hverju námskeiði. Námsbókin er svo lögð til grundvallar þegar meta á námskeiðið.

Hverju námskeiði verður nokkuð ítarlega lýst í kennsluskra skólans og verður kynnt á heimasíðu skólans. Þar geta nemendur fengið góða mynd af því hvað hvert námskeið inniheldur, hvernig það er byggt upp og hvert markmiðið er. Það útilokar þó ekki að nemandinn geti haft áhrif á suma verklega þætti eins og hvað hann eigi að framleiða. Námið í skólanum tekur til leikfanga og búsaðhalda/húsmuna. Búsaðhöld/húsmunir þýðir allir lausamunir á heimili, t.d. eldhúsaðhöld, húsgögn, mottur, gluggatjöld og ofið veggfóður. Við köfum djúpt í efnið. Hvað tréverkið snertir skoðum við mismunandi trjátegundir en með áherslu á þær norrænu. Við förum út í skóg og skoðum tréin í náttúrlegu umhverfi sínu, hvernig tré eru felld, hvernig þau eru nýtt, hvaða hluta trésins er best að nota í einstaka muni sem við framleiðum og svo framvegis. Við komum þó einnig að vinna úr öðru efni, beini, horni, steini, hálm, járn, kopar o.fl.

Á textílhlíðinni er ullin allsráðandi. Við heimsækjum fjárbú, lærum að rýja, þvo ullina og hreinsa, hvaða hluta á að nota í garn og hvaða hlutar eru bestir í þæfingu og svo framvegis. Við lærum einnig um önnur efni svo sem bómull, hör, hamp, silki, viskós og akrýl.

Við fjöllum ítarlega um hlutina sjálfa, söguna á bakvið ákveðið leikfang eða ákveðinn fatnað. Hvaða áhrif hafði tískan eða tíðarandinn á uppruna, gerð eða útlit hlutarins. Hvað getur sagan kennt okkur um hvað haldi til framtíðar? Hönnun og eigin sköpun er eðlilegt framhald þess sem við lærum af sögunni. Á hverju námskeiði blöndum við saman ólíkum efnum og umbreytum gömlum hugmyndum og setjum þær í nýtt samhengi.

## 9. Fyrirkomulag námsins.

Námið tekur þrjú ár og lýkur með lokaverkefni í leikfanga- og búsaðhaldagerð úr tré eða textíl ásamt hönnun. Námið gefur ekki punkta til háskólanáms. Námið samanstendur af fjögurra vikna námskeiðum þar sem ein vikan fer í vinnu með námsbókina og bókleg fög. Á hverju námskeiði er unnið með mismunandi efni, hönnun, aðferðir og framleiðslu.

Á námstímanum setur nemandinn saman einstaklingsmiðuð markmið með aðstoð kennara og metur

allan tímann eigin verk. Verkefni eru bæði einstaklingsbundin og unnin í hópum á námstímanum. Nemandinn er búinn undir það að atvinnulífið býr við síbreytilegar forsendur og þarf að geta aðlagð sig með stuttum fyrirvara að breyttum forsendum. Nú er verkefnavinna, verktaka vinna ýmiss konar, samvinnuform og eiginn rekstur sífelld algengari. Nemandinn verður að vera sveigjanlegur og öruggur um handverkskunnáttu og sérhæfingu sína. Náminu lýkur með lokaverkefni sem kynnt er og sýnt opinberlega.

# Kennsluskrá fyrir VÖLU Handverksskóla

LEIKFÖNG, BÚSÁHÖLD/HÚSMUNI OG HÖNNUN

Fyrir Textilhandverk og Tréhandverk

ANNIR OG NÁMSKEIÐ

## Yfirlit.

- **Fyrsta árið:**

Fyrsta önnin: Stendur frá u.þ.b. 20. ágúst til u.þ.b. 20. desember

Önnur önnin: Stendur frá u.þ.b. 7. janúar til u.þ.b. 5. júní

- **Annað árið:**

Þriðja önnin: Stendur frá u.þ.b. 20. ágúst til u.þ.b. 20. desember

Fjórtða önnin: Stendur frá u.þ.b. 7. janúar til u.þ.b. 5. júní

- **Þriðja árið:**

Fimmta önnin: Stendur frá u.þ.b. 20. ágúst til u.þ.b. 20. desember

Sjötta önnin: Stendur frá u.þ.b. 7. janúar til u.þ.b. 5. júní

KENNSLA HEFST DAGLEGA KL. 0830 OG STENDUR TIL KL. 1600

- kl. 08.30 kennsla
- kl. 09.40 frímínútur
- kl. 10.00 kennsla
- kl. 11.30 hádegismatur og frímínútur
- kl. 13.30 kennsla
- kl. 14.15 frímínútur
- kl. 15.00 kennsla
- kl. 16.00 skóladegi lýkur

## Fyrsta árið

### Fyrir Textilhandverk og Tréhandverk.

1. Námskeið. Kynning á fyrirkomulagi, skólinn	1 vika.	Fyrir bæði Textíl- og Tréhandverk
Námsbókin, kynning	1 vika.	Textíl- og Tréhandverk
2. Námskeið. Leikföng, verkfæri	2 vikur.	Textíl- og Tréhandverk
Námsbókin	1 vika.	Textíl- og Tréhandverk
3. Námskeið. Skógurinn og bóndinn	1 vika.	Textíl- og Tréhandverk
Námsbókin	1 vika.	Textíl- og Tréhandverk
4. Námskeið. Leikfangagerð 1	3 vikur.	Tréhandverk
4. Námskeið. Leikfangagerð 1	3 vikur.	Textílhandverk
Námsbókin	1 vika.	Textíl- og Tréhandverk
5. Námskeið. Leikfangagerð 2	3 vikur.	Tréhandverk
5. Námskeið. Leikfangagerð 2	3 vikur.	Textílhandverk
Námsbókin	1 vika.	Textíl- og Tréhandverk
6. Námskeið. Húsmunir 1	3 vikur.	Tréhandverk
6. Námskeið. Húsmunir 1	3 vikur.	Textílhandverk
Námsbókin	1 vika.	Textíl- og Tréhandverk
7. Námskeið. Leikfangagerð 3	3 vikur.	Textílhandverk
7. Námskeið. Leikfangagerð 3	3 vikur.	Tréhandverk
Námsbókin	1 vika.	Textíl- og Tréhandverk
8. Námskeið. Leikfangagerð – leikföng sem hljóma	3 vikur.	Tréhandverk
8. Námskeið. Leikfangagerð – leikföng sem hljóma	3 vikur.	Textílhandverk
Námsbókin	1 vika.	Textíl- og Tréhandverk
9. Námskeið. Húsmunir 2	3 vikur.	Textílhandverk
9. Námskeið. Húsmunir 2	3 vikur.	Tréhandverk
Námsbókin	1 vika.	Textíl- og Tréhandverk
Frívika/ Handverksdagar 1 vika HÖ og 1 vika VÖ	2 vikur.	Textíl- og Tréhandverk/ VALA starfsfólk

Fyrsta árið býður upp á 8-9 námskeið.

Fyrstu þrjú námskeiðin eru sameiginleg fyrir Textíl- og Tréhandverk. Þar er skólinn kynntur, og fjallað um uppbyggingu námsins, einstaklingsmiðaða námskrá, hvernig unnið er með námsbókina umhverfismál, jafnréttismál og vinnuferli. Farið er yfir meginatriðin í leikfangasmíði, hvaðan og hvernig við fáum hugmyndir. Farið er yfir verkfærakassann og sýnt hvernig verkfæri eru notuð og hvernig þeim er haldið við. Þá er farið yfir þau efni sem eru notuð. Farið er út í skóg og nemendum kennt að þekkja mismunandi trjategundir. Fjárbú er heimsótt til að sjá hvernig ullin er nýtt.

#### Námskeið 4 og 5. Leikfangagerð 1.

Textílhandverk. Þar er um að ræða tuskudýr, bolta, óróa og einfalda hluti fyrir börn upp að tveggja ára aldri. Tréhandverk. Það geta verið hringlur og einföld dýr (engir oddhvassir fætur eða skott), óróar og einfaldir hlutir fyrir börn upp að tveggja ára aldri.

#### Námskeið 6. Búsáhöld 1.

Tréhandverk. Þar gerir nemandinn einföld eldhúsáhöld, salatsett, skeiðar og sleifar, osta- og smjörhnífa o.s.frv.. Textílhandverk. Þar er um að ræða hitaplattar, pottaleppar, svuntur, litlir dúkar o.fl.

#### Námskeið 7. Leikfangagerð 3.

Hér eru leikföng fyrir 2 - 4 ára börn er um að ræða einfalda hluti en með þróaðri tækni. Tréhandverk. Þar er smíðað, límt og sett saman, sett á hjól o.s.frv. Textílhandverk. Þar er notast við mismunandi efni, blandað saman gömlu og nýju, gömul föt endurnýtt og búin til fín leikföng sem þola mikil átök.

#### Námskeið 8. Leikfangagerð – leikföng sem hljóma.

Þetta eru leikföng sem hljóma hátt eða lágt en alltaf fallega. Fyrir öll börn á öllum aldri! Allt frá hringlum upp í háþróuð hljóðfæri. Þetta námskeið á sér framhaldsnámskeið á öðru árinu.

#### Námskeið 9 Búsáhöld 2.

Textílhandverk. Nemendur læra að hreinsa, kemba, spinna og lita ull og ullarefni. Tréhandverk. Þar fara nemendur út í skóg og læra hvaða hluta trésins og hvaða trjátegundir er hentugust í ýmiss eldhúsáhöld, hvernig og hvar tréin vaxa o.s.frv. Nemendurnir fella tré sem þeir nota frá toppnum og niður í rót.

## Annað árið

### Fyrir Textílhandverk og Tréhandverk.

1. námskeið. Leikfangagerð - stór leikföng 1	3 vikur	Textílhandverk
1. námskeið. Leikfangagerð - stór leikföng 1	3 vikur	Tréhandverk
Námsbókin	1 vika	Textíl-og Tréhandverk
Starfsnám	6 vikur	
Námsbókin	1 vika	Textíl-og Tréhandverk
2. námskeið. Leikfangagerð – stór leikföng 2	3 vikur	Textílhandverk
2. námskeið. Leikfangagerð – stór leikföng 2	3 vikur	Tréhandverk
Námsbókin	1 vika	Textíl-og Tréhandverk
3. námskeið. Húsmunir 3	3 vikur	Textílhandverk
3. námskeið. Húsmunir 3	3 vikur	Tréhandverk
Námsbókin	1 vika	Textíl-og Tréhandverk
Starfsnám	6 vikur	
4. námskeið. Leikfangagerð - leikföng sem hljóma 2	3 vikur	Textílhandverk
4. námskeið. Leikfangagerð - leikföng sem hljóma 2	3 vikur	Tréhandverk
Námsbókin	1 vika	Textíl-og Tréhandverk
5. námskeið. Útsaumur	3 vikur	Textílhandverk
5. námskeið. Húsgögn	3 vikur	Tréhandverk
Námsbókin	1 vika	Textíl-og Tréhandverk
Frívika/ Handverksdagur 1 vika HÖ og 1 vika VÖ	2 vikur.	Textíl- og Tréhandverk/ VALA starfsfólk

Annað árið inniheldur 12 vikna starfsnám. Þessum vikum má skipta niður á árið og starfsnámið getur farið fram á mismunandi stöðum og einnig í öðrum löndum. Á árinu eru haldin 4 – 5 skipulögð námskeið.

Námskeið 1 og 2. Stór leikföng 1 og 2

Tréhandverk smíðar kolla, rugguhesta, leikfangs innréttingarinnar, leikfangaborð fyrir opinbert rými, leikfangahyllur o.s.frv. Textílhandverk. Þar læra nemendur að setja upp vef, vefa og um efni, ull, bómull, hör, hamp, silki og ýmiss gerviefni. Þeir læra að vefa handklæði, gluggatjöld, mottur, hengi, dúka, listvefnað o.fl.

Námskeið 3. Húsmunir 3

Textílhandverk. Þar halda nemendur áfram með vefnaðinn. Tréhandverk. Þar læra nemendur ýmsa tækni við að höggva, tálga og skera út í tré.

Námskeið 4. leikföng sem hljóma.

Allt frá hringlum upp í háþróuð hljóðfæri.

Námskeið 5. Útsaumur

Sögulegt sjónarhorn sem tekur tillit til framtíðarmöguleika handsaums og háþróaðra saumavéla. Tréhandverk vinnur verkefni svo sem skáp, leikfanga kistu, eða borð.



## Þriðja árið

### Fyrir Textílhandverk og Tréhandverk.

1. námskeið. Útileikföng	3 vikur.	Textílhandverk
1. námskeið. Útileikföng	3 vikur.	Tréhandverk
Námsbókin	1 vika.	Textíl-og Tréhandverk
Starfsnám	7 vikur.	
2. námskeið. Leikfangagerð – stór leikföng 3	3 vikur.	Textílhandverk
2. námskeið. Leikfangagerð – stór leikföng 3	3 vikur.	Tréhandverk
Námsbókin	1 vika.	Textíl-og Tréhandverk
3. námskeið. Leikfangagerð – stór leikföng 4	3 vikur.	Textílhandverk
3. námskeið. Leikfangagerð – stór leikföng 4	3 vikur.	Tréhandverk
Námsbókin	1 vika.	Textíl-og Tréhandverk
Starfsnám	7 vikur.	
4. námskeið. Samsetningar og hús	3 vikur.	Textíl-og Tréhandverk
Námsbókin	1 vika.	Textíl-og Tréhandverk
Frívika/ Handverksdagar 1 vika HÖ og 1 vika VÖ	2 vikur.	Textíl- og Tréhandverk/ VALA starfsfólk
Lokaverkefnið	4 – 6 vikur.	

Þriðja árið inniheldur 14 vikna starfsnám og 6 vikur eigið verkefni, svo kallað lokaverkefni. Lokaverkefnið þarf ekki að vinna í skólanum en skólinn veitir handleiðslu og fylgist með. Á árinu eru 3-4 skipulögð námskeið.

#### Námskeið 1. Útileikföng

Textílhandverk. Þar er talað um “rellur” sem er ýmiss konar textíl sem hreyfist í vindi eins og fánar, blönduð tækni og efni. Tréhandverk. Þar er um að ræða klifurgrind, dýr sem börn geta setið á, rennibraut o.fl.

#### Námskeið 2 og 3. Stór leikföng 1 og 2.

Textílhandverk. Þar getur verið um að ræða stóra bolta eða stóra ferkantaða kotta, grímubúninga, stór dýr, hestbúning fyrir tvö börn o.s.frv. Tréhandverk. Það eru stórir bátar, flugvélar eða bílar sem börn geta sest í, rólur sem hægt er að breyta í brýr eða vagna o.s.frv.

#### Námskeið 4. Samsetningar og hús.

Samsetningar og hús er námskeið fyrir bæði Textíl- og Tréhandverk. Nemandinn lærir að búa til hús úr litlum trjádrumbum sem hægt er að hafa á leiksvæði. Lögð er áhersla á grindina, samskeytin og burðarþolið. Nemandinn getur valið að klæða húsið með trépanel, torfi, greinum, leir, hálm eða þess háttar.

## NÁMSBÓKIN

Nemandinn vinnur með námsbókina í eina viku eftir hvert námskeið.

Námsbókin er notuð við einkunnagjöf og mat á frammistöðu eftir hvert námskeið. Námsbókin stuðlar að sjálfsþekkingu og er mikilvægt kennslutæki. Við hana bætist svo þróunarsamtal eftir hvert námskeið. Námsbókin inniheldur lýsingu á námskeiðinu, reynslu nemandans af námskeiðinu, hvort markmiði námskeiðsins var náð og hvaða áhrif það hafði á einstaklingsmiðaða námskrá nemandans.

Einkunnir eru

- A ( ágætiseinkunn )
- B ( fyrsta einkunn )
- F ( fallin )

Kennarinn og nemandinn vinna saman að rökstuðningi fyrir einkunnagjöf.

## TUNGUMÁL – AÐSTOÐARMAÐUR

Öll námskeiðin í skólanum er kennd á sænsku eða ensku. Sumir kennarar tala sænsku, ensku og eitt annað norrænt mál. Kennarinn sem heldur utan um námsbókina ræður við öll norrænu málin nema finnsku. Ef a.m.k. fimm nemendur eru frá öðru norrænu landi en Svíþjóð hefur skólinn aðstoðarmann sem talar það mál. Ef ekki eru nógu margir nemendur frá öðru norrænu landi verður nemandinn að kunna nógu mikla ensku til að geta gert sig skiljanlegan.

Aðstoðarmaður fylgir árganginum sem þýðir að hann getur bæði unnið með textílhópnum og tréhópnum. Aðstoðarmaðurinn talar yfirleitt það tungumál sem flestir nemendur í árganginum tala ásamt sænsku og ensku. Sem dæmi má nefna að ef það eru 4 eða 5 nemendur frá Íslandi þá talar Aðstoðarmanneskjan íslensku, sænsku og ensku og getur þannig túlkað þar sem þörf er á.

## NÁMSKEIÐIN

Hver nemandi er með einstaklingsmiðaða námskrá og það getur þýtt að nemendur hafi fyrir mismunandi tæknilega kunnáttu á handverkinu. Sumir kunna að þrjóna, aðrir ekki, sumir hafa kannski tálgað mikið, aðrir vart haldið á hnífi. Í námskránni er lýst hvernig nemendur ná tökum á grunntækninni. Hvert námskeið stendur í fjórar vikur, þar af er ein vika notuð í vinnslu námsbókar